

Reykjanesbær  
Gunnar Kristinn Ottósson  
Tjarnargötu 12  
230 Reykjanesbær

Reykjavík, 9. júlí 2021  
UST202107-033/B.S.  
10.04.03

### Efni: Deiliskipulag tillaga - orkuvinnsla og iðnaður á Reykjanesi. Umsögn

Vísað er til bréfs Reykjanesbæjar dags. 2. júlí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda tillögu að deiliskipulag. Umhverfisstofnun telur að athugasemdir sem stofnunin gerði við deiliskipulagstillögu Grindavíkurbæjar eigi einnig við um umrædda tillögu en mörk sveitarfélaganna liggja um orkuvinnslusvæðið.

Umhverfisstofnun telur mjög jákvætt að í greinargerðinni sé sett fram stefna um að fyrirhuguð mannvirkjagerð fari fram eins og kostur er í tengslum við núverandi mannvirki í stað þess að taka undir framkvæmdir algerlega óröskuð svæði.


Umhverfisstofnun telur jákvætt að reynt verði að fella borteiga að landi en í því sambandi mætti einnig huga að lögun borteiga og hvort í vissum tilvikum sé unnt að aðlaga lögun borteiga að landformum og stökum jarðminjum án þess að skerða notagildi borteigsins. Huga mætti að því hvernig staðið verði að frágangi borteiga þegar þeir hafa lokið hlutverki sínu.

Varðandi jarðstrengi telur Umhverfisstofnun að í hrauni eða svæðum þar sem klappir og berg eru á yfirborði og ljóst að verulegt rask myndi fylgja lagningu jarðstrengja á slíku svæði ætti fremur að leggja loflínur en velja strengleiðir þar sem unnt er að leggja jarðstrengi í lausan jarðveg án fleygunar og annarra aðgerða sem fylgir lagningu jarðstrengja í berg.

Varðandi frágang lóða telur Umhverfisstofnun æskilegt að skermun lóða verði með öðrum hætti en þeim að gróðursetja tré sem óneitanlega myndu stinga í stúf við núverandi ásýnd svæðisins þar sem áhersla er lögð á verndun jarðminja.

Umhverfisstofnun telur tillöguna að öðru leyti góða og greinargerðina ítarlega og vel fram setta.

Virðingarfyllst

  
Björn Stefánsson  
Sérfræðingur

  
Agnes Þorkelsdóttir  
Sérfræðingur

